



Lýðræðisþátttaka barna er valdeflandi

Eftir Salvöru Nordal

Í dag fögnum við þrjátíu ára afmæli Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en hann var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Samningurinn er útbreiddasti mannréttinda-



Salvör Nordal

samtaka og aðila vinnumarkaðarins. Embætti umboðsmanns barna mun síðan vinna að því að niðurstöður þingsins hafi raunveruleg áhrif á stefnumótun og þróun í málefnum barna. Með barnþingi er stigið framsækið skref í innleiðingu Barnasáttmálans og ég er sannfærð um að



Morgunblaðið/Eggert

reglulega til þess að fylgjast með þróuninni.

Vörður í málefnum barna

Í tilefni barnaþings hefur embætti tekið fyrir helstu vörður í lagasetningu um málefni barna frá húsagatilskipuninni, sem tók gildi árið 1746, en með henni var innleitt bann við barsmíðum á börnum og sú skylda lögð á foreldra að kenna börnum sínum að lesa. Húsagatilskipunin markaði jafnframt tímamót þar sem hún tók til allra barna, óháð efnahag og stöðu foreldra, en það er einmitt ein meginregla Barnasáttmálans að öll börn njóti þeirra réttinda sem þar er kveðið á um, án nokkurrar mismununar. Meðal annarra mikilvægra áfanga í málefnum barna í íslensku samfélagi má nefna setningu fyrstu heildarlöggjafar um barnavernd árið 1934, gildistöku fyrstu heildstæðu laganna um málefni barna frá árinu 1981, og stofnun embættis umboðsmanns barna 1. janúar 1995.

Á þessum merku tímamótum er mikilvægt að líta yfir farinn veg og fagna því sem þegar hefur áunnist í málefnum barna, ekki síst með tilkomu Barnasáttmálans. Það er þó ljóst að enn bíða okkar áskoranir og þörf er á ýmsum samfélagslegum breytingum til þess að réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum nái fram að ganga. Ég vil óska öllum börnum til hamingju með daginn en með Barnasáttmálanum að leiðarljósi mun embætti umboðsmanns barna halda áfram að vinna að því að skapa öllum börnum í íslensku samfélagi jöfn tækifæri og betri framtíð.

Höfundur er umboðsmaður barna.

» Með Barnasáttmálanum að leiðarljósi mun embætti umboðsmanns barna halda áfram að vinna að því að skapa öllum börnum í íslensku samfélagi jöfn tækifæri og betri framtíð.

barnþing á eftir að verða öflugur vettvangur fyrir samtal og samráð um málefni barna til framtíðar.

Lýðræðisþing í skólum

Víða um land hafa skólar unnið afar merkilegt starf við að auka þátttöku barna í skólastarfi og er það von mín að barnþingið verði til þess fallið að hvetja enn frekar skóla til leita fjölbreyttra leiða til að efla lýðræðisþátttöku barna. Með því móti verði þingið ekki aðeins mikilvægt fyrir þau börn sem það sækja heldur muni börn um allt land fá tækifæri til lýðræðislegrar og virkrar þátttöku.

Til að undirstrika þetta sendi

embættið grunnskólum landsins bréf þess efnis að skólarnir nýti tækifærið og haldi lýðræðisþing meðal barna í skólum í tengslum við barnþingið og þrjátíu ára afmæli Barnasáttmálans. Ljóst er að margir skólar hafa tekið þeirri áskorun og halda í dag lýðræðisþing nemenda. Þetta er afar jákvæð þróun en innleiðing Barnasáttmálans gerir kröfu um aukna samfélagslega þátttöku barna og aðild þeirra að ákvarðanatöku í nærsamfélagi þeirra.

Könnun meðal skólastjórnenda

Áhugaverðar niðurstöður er að finna í könnun sem send var öllum stjórnendum grunnskóla í septembermánuði, í samvinnu embættis umboðsmanns barna og menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Í könnuninni var leitast við að fá fram upplýsingar um lýðræðislega þátttöku barna í skipulagi og

ákvarðanatöku í skólastarfi og fyrirkomulag kennslu um Barnasáttmálann og réttindi barna. Því miður fengust ekki svör nema frá tæpum helmingi skólastjórnenda og því verður að fara varlega í túlkun niðurstaðna.

Mismikið er unnið með réttindi samkvæmt þeim svörum sem bárust en það eru helst umsjónarkennarar sem sjá um réttindakennslu í flestum grunnskólum. Kennslan fer oftast fram í almenntri námsgreina-kennslu í öllum bekkjardeildum og helstu kennsluáferðir eru umræður. Jafnframt kemur fram í könnuninni að flestir skólastjórnendur telja að kennarar hafi ekki fengið mikla þjálfun í kennslu á þessu sviði. Embætti umboðsmanns barna hyggst fylgja þessari könnun eftir með frekara samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Stefnt er að því að framkvæma sambærilegar kannanir